


Eyjólfur Ármannsson

innviðaráðherra

2. október 2025


Efni: Línuívilnun smábáta taki gildi

Línuívilnun var komið á fyrir tilstuðlan Landssambands smábátæigenda 15. desember 2003 og hefur staðið samfleytt í 22 ár, [lög 147/2003](#). Upphaflega voru 300 bátar sem nýttu sér ívilnunina. Árið 2013 var heimiluð stækkun krókaafلامarksbáta sem leiddi til samþjöppunar í kerfinu og fækkun báta.



Megin ástæða þess að útgerðir hafi ekki allar innleitt nútímataækni þ.e. sett um borð beitningavél er að hagkvæmni þess er ekki fyrir hendi vegna skorts á aflaheimildum. Þeir eru háðir því að leigja til sín heimildir og drýgja þær með ívilnun. Jafnframt er fyrir hendi mikil trygð og tengsl við starfsfólk sem á flest langan starfsaldur við beitningu hjá útgerðunum.

Bent skal á að útgerð báta sem njóta línuívilnunar er ekki einskorðuð við nokkur byggðarlög, heldur dreifist á 30 útgerðarstaði með tilheyrandi aðstöðu til beitningar á hverjum þeirra.



Línuívilnun fjölgar störfum í landi; línan stokkuð upp, lagfærð, beitt og gerð klár fyrir róður. Jafnframt styrkir hún hlut umhverfisvænna veiða, sbr. skýrslu MATÍS frá 2014 um að sótspor við veiðar á einu kíló þorsks á smábátum er að meðaltali aðeins þriðjungur þess sem það mælist við togveiðar. Þá er línuívilnun bundin við dagróðrabáta sem tryggir ferskleika fisks til vinnslu.

Með línuívilnun fær viðkomandi afslátt til aflamarks við löndun. Bátur sem landar 5 tonnum er ívilnað með 750 kg. Öll framkvæmd hefur frá upphafi gengið snurðulaust fyrir sig, enda einföld í sniðum, kemur aðeins til þeirra sem landa afla. Engum kvóta úthlutað sem hægt er að leigja frá sér.

Á undanförunum árum hefur þorskafli til línuívilnunar sætt miklum skerðingum. Á síðasta fiskveiðiári voru aðeins ætluð 800 tonn af þorski til ívilnunar, rúmum þriðjungi minna en á fiskveiðiárinu 2023/2024. Skerðingin leiddi til þess að lokað var á ívilnun í þorski 21. nóvember til 1. desember er nýtt tímabil hófst. Heimildir til línuívilnunar í þorski voru uppnar 5. mars, fyrr en nokkru sinni áður.

Allt skipulag; boðun starfsfólks til vinnu, innkaup á beitu, línu, önglum og þess sem til þarf tók mið af línuívilnun kæmi til framkvæmda 1. september sl. eins og undanfarna rúma tvo áratugi. Það eru því gríðarleg vonbrigði að enn hafi ekki verið gefin út reglugerð um heimildir til línuívilnunar í einni einustu þeirra 6 tegunda sem hún tekur til. Eins mánaðar biðtími hefur valdið vandræðum og vakið upp spurningar um áframhaldandi rekstraröryggi viðkomandi útgerða.

Það er skoðun LS að verði línuívilnun aflögð muni það leiða til forsendubrests á útgerð fjölda báta. Samþjöppun óhjákvæmileg þar sem þeir stærstu leysa til sín aflaheimildir. Bátar verða verkefnalausir sem krókaafmarksbátar. Þeir verði gerðir út til strandveiða, sem yki á þrýsting á það veiðikerfi. Það er því nauðsynlegt að tryggja aflaheimildir til línuívilnunar allt árið.

Hér með er þess farið á leit við yður að gefa nú þegar út reglugerð um línuívilnun og hún verði látin gilda frá upphafsdegi yfirstandandi fiskveiðiárs.

Virðingarfyllt



framkvæmdastjóri